



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2019
Tilv. 19091188 JB/JGJ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 44. mál.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 27. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn Samgöngustofu um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta, repju og nepju, á Íslandi, 44. mál.


Samgöngustofa tekur undir þessa þingsályktunartillögu og fagnar því að slík tillaga skuli vera komin fram enda er hér verið að leita leiða til að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti í samgöngum á Íslandi með því að nota innlenda framleiðslu á olíu úr orkujurtum, þar sem ekki er gengið á matvælaframleiðslu heldur notuð svæði sem almennt eru ekki í ræktun. Samgöngustofa, og forveri hennar – Siglingastofnun Íslands, hefur stundað rannsóknir á notkun orkujurta fyrir íslenska samgöngukerfið síðan árið 2007. Frá þeim tíma hafa bændur í samstarfi við stofnunina náð mjög góðum tókum á repjuræktuninni og hefur þetta samstarf verið tekið saman í nokkrum greinargerðum um ræktunina sem Samgöngustofa hefur birt á heimasíðu sinni.

Kostir þess að rækta orkujurtirnar repju eða nepju fyrir íslenska fiskiskipaflotann (og einnig önnur samgöngutæki) eru fyrst og fremst þær að olían frá þessum orkujurtum hefur svo til sömu orkugetu og venjulegur jarðefnaeldsill og einnig þarf ekki að breyta aðal- né hjálparvélum skipanna. Eldsneyti frá íslenskum orkujurtum er íslensk framleiðsla og um er að ræða vistvænan og endurnýjanlegan orkugjafa og bruni á repjuolíu er mun hreinni en bruni á jarðefnaeldsíl. Að auki vaxa þessar orkujurtir vel hér á landi og sætta sig við landssvæði sem yfirleitt eru ekki í ræktun.

Ræktun orkujurta er tækifæri í landgræðslu og undirbúnings jarðvegs fyrir aðra ræktun. Einnig minnkar ræktun orkujurta innflutning á eldsneyti, fóðurmjöli og áburði. Ræktunin er nýsköpun í landbúnaði og byggir undir atvinnuskapandi tækifæri. Ekki má heldur gleyma sjálfbæninni sem ræktunin hefur í för með sér og þá sérstaklega hvað varðar tengingu við alla atvinnuvegi landsins. Því er hér um augljósan ávinning að ræða – ávinning sem snýr að loflagsmarkmiðum íslenskra stjórnvalda og þá sérstaklega vegna þess að ræktun orkujurta er tvöföld kolefnisjöfnun.

Miðað við framangreint styður Samgöngustofa heilshugar þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt


Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu